

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundargerð 17. fundar verkefnahóps BsVest haldinn mánudaginn 3. maí 2012 á skrifstofu Strandabyggðar á Hólmavík. Mætt voru Arnheiður Jónsdóttir, formaður, Elsa Reimarsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Hildur Jakobína Gísladóttir og Margrét Geirsdóttir. Auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Reglur um stuðningsfjölskyldur

Farið yfir drög að reglum BsVest um stuðningsfjölskyldur sem kynntar voru stjórn BsVest þann 7. febrúar s.l., stjórn samþykkti að vísa þessum drögum til umsagnar verkefnahóps og í framhaldinu til félagsmálamálanefnda og hagsmunasamtaka. Verkefnastjóri fór yfir efnisatriði tillagna og athugasemda sem verkefnahópur sendi í aðdraganda fundarins og opnaði síðan umræðu um málið. Rætt um efni málsins og sammælt um niðurstöðu þess. Verkefnastjóra falið að vinna lokaútgáfu reglna um stuðningsfjölskyldur á grundvelli umræðu og senda verkefnahóp til lokayfirlestar. Berist ekki athugasemdir verða reglunar sendar til umsagnar félagsmálamálanefnda og hagsmunasamtaka, samkvæmt samþykkt stjórnar.

2. Reglur vegna styrks vegna námskostnaðar, verkfæra og tækjakaupa.

Drög að reglum voru kynntar stjórn BsVest þann 7. febrúar s.l., stjórn samþykkti að vísa þessum drögum til umsagnar verkefnahóps og í framhaldinu til félagsmálamálanefnda og hagsmunasamtaka. Drögin byggja á reglum samkvæmt ákvæðum 27. gr laga um málefni fatlaðra og reglugerðar ráðherra.

Formaður kynnti að engar athugasemdir hefðu borist við fyrirbyggjandi drög að hálfu verkefnahóps og nauðsyn væri á ljúka afgreiðslu reglnanna sem fyrst. Formaður opnaði síðan umræðu um málið. Fram kom að fara verði nánar í efnistöð og ramma reglana og samþykkir verkefnahópur að fela formanni og Guðnýju Hildi að vinna að nýjum reglum í samræmi við efni umræðu á fundinum. Tillaga formanns og Guðnýjar verði sendi út til verkefnahóps til yfirlestrar. Miðað skal við að reglur verði komnar til umsagnar félagsmálamálanefnda og hagsmunaaðila fyrir 1. júní n.k..

3. Skammtímavistun – sumartímabilið

Margrét fór yfir skipulag skammtímavistunar á komandi sumri og svaraði fyrirspurnum. Einnig kom til umræðu reynsla af reglum um skammtímavistun og framtíðarskipulag skammtímavistunarinnar m.t.t. þarfa notenda.

4. Fundur með Þroskahjálpi.

Þroskahjálpi hefur lýst áhuga að halda kynningarfund með starfsmönnum félagsþjónustuvæðanna og BsVest. Stefnt er að fundur verði haldið nú í maí væntanlega á Ísafirði. Verkefnastjóri hefur verið í samvinnu við Styrktarfélag fatlaðra á Vestfjörðum vegna undirbúnings fyrir fundinn. Formanni falið að vinna áfram að undirbúningi fundarins.

5. Verklag við skil fjárhagsáætlanna fyrir næsta ár.

Verkefnastjóri kynnti hugmynd að skil á fjárhagsáætlun félagsþjónustuvæðanna, miðað verið við að félagsþjónustuvæðin skili áætlunum fyrir 1.september ár hvert og skil til sveitarfélagana um skiptingu fjármagnsins fyrir miðjan október.

6. Ársskýrsla

Verkefnastjóri óskaði eftir efni í ársskýrslu BsVest samkvæmt tölvupósti sem var sendur til félagsmálástjórnanna 2. maí sl. á grundvelli skýrslum félagsþjónustunnar.

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

7. Verkefnastjóri á Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi Vestra
Mætt til fundar Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri og formaður þjónustuhóps
Byggðasamlags málefni fatlaðra á Norðurlandi Vestra.

Formaður kynnti að Gréta kæmi á fund verkefnahóps til að kynna starfsemi samlagsins og reynslu þess af rekstri málaflokksins allt frá árinu 1999 og hafa nýverið stækkað samlagið með aðild Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar. Áhugavert er að skoða reynslu þeirra nú þegar reynsla er komin á starfsemi BsVest.

Gréta þakkaði boð á fundinn og skilaði kveðjum frá framkvæmdastjóra og þjónustuhóp byggðasamlagsins. Gréta fór yfir skipulag og rekstur byggðasamlagsins og svaraði fyrirspurnum verkefnahóps. Grétu þökkuð greinargóð svör og þátttöku í umræðu um málefni BsVest.

Verkefnastjóra og framkvæmdastjóra falið að taka saman minnispunkta um efni umræðu.

8. Önnur mál.
Engin önnur mál borin upp.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.20.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.